

2. september 2025

Þorleifur Eiríksson

Minnisblað um fugla á framkvæmdasvæði Laxós ehf. við Hauganes í Eyjafirði

Laxós ehf. (Guðmundur Valur Stefánsson) óskaði eftir því 27.08.2025 að Rorum fjallaði um fugla á framkvæmdasvæði Laxós við Hauganes í Eyjafirði og vegna þess að ekki er mögulegt að gera varpfuglaathuganir á þessum árstíma óskaði Laxós eftir því að Rorum skoðaði tiltæka vitneskju um fuglalíf á þessu svæði og skrifaði um það minnisblað.

Flestar athuganir á fuglum hafa farið fram í botni Eyjafjarðar (Sunna Björk Ragnarsdóttir o.fl. 2021), en til eru athuganir af öðrum svæðum. Í ritinu Líf í Eyjafirði er fjallaði um fuglalíf í sérstökum kafla (Sverrir Thorstensen og Jón Magnússon 2000), í skýrslu um könnun á náttúrufari og minjum á vesturströnd Eyjafjarðar er fjallað um stór svæði (Helgi Hallgrímsson o.fl. 1982) og um fugla í Hrísey hefur verið fjallað sérstaklega (Þorsteinn Þorsteinsson og Sverrir Thorstensen 2014). Þar að auki er til umfjöllun um einstakar tegundir svo sem stormmáf (Arnþór Garðarsson. 1956; Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen 2005; Sverrir Thorstensen og Ævar Petersen 2013) og hettumáf (Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen. 2005; Sverrir Thorstensen & Ævar Petersen. 2017).

Svæðið sem framkvæmdin kallar á jarðrask á er lítið, eða u.þ.b. 7 ha svæði (500 m strönd og u.þ.b. 120 m inn í land)(Mynd 1)(Guðmundur Valur Stefánsson 2025). Á svæðinu eru upppurrkaðar mýrar, lyngmóar og víðikjarr.

Ekki hafa verið gerðar beinar athuganir á fuglum framkvæmdasvæði Laxós við Hauganes á varptíma (Sunna Björk Ragnarsdóttir o.fl. 2021), en til er lýsing á fuglalífi á svipuðu svæði ekki langt frá. Starfsmenn Rorum hafa gert athuganir á fuglalífi á svæðum sem eiga margt sameiginlegt með þessu svæði.

Í umfjöllun um fuglalíf á vesturströnd Eyjafjarðar er fjallað um fugla á tveimur svæðum í nágrenninu. Svæðim sem kallast Helluhöfð/Svínakeldur/Stærraskógsmýrar og er rétt fyrir norðan Hauganes (Helgi Hallgrímsson o.fl. 1982). Þar er mikið af fjallrjúpu eins og í Hrísey (Þorsteinn Þorsteinsson og Sverrir Thorstensen 2014). Hins vegar svæði fyrir sunnan Hauganes sem kallast Víkurbakki og nágrenni. Á því svæði eru helst mófuglar og algengir mýrafuglar (Helgi Hallgrímsson o.fl. 1982).

Miðað við þessar upplýsingar og reynslu stafsmanna Rorum má búast við að á umræddu svæði verpi mest spói (*Numenius phaeopus*), jaðrakan (*Limosa limosa*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*) og tjaldur (*Heamatopus ostralegus*), en allt eru þetta algengir varpfuglar í Eyjafirði (Sverrir Thorstensen og Jón Magnússon 2000). Sennilega verpir stelkur (*Tringa totanus*) á svæðinu og hugsanlega heiðlóa (*pluvialis apricaria*). Þúfutittlingur (*Anthus pratensis*) er

RORUM ehf.

Lynghál 10 • 104 Reykjavík • +354 897 7395 • +354 864 7999 • rorum@rorum.is • www.rorum.is

væntanlega varpfugl. Búast má við varpi fjallrjúpu (*Lagopus mutus*) og grágæs (*Anser anse*) verpir líklega í jaðri víðikjarrsins. Ekki er hægt að búast við að æðarfugl (*Somateria mollissima*) verpi á svæðinu vegna þess hversu bratt er við ströndina. Svæðið er svo lítið að ekki er hægt að búast við því að allar þessar tegundir séu í varpi hverju sinni.

Ekki er gert ráð fyrir að stormmáfur (*Larus canus*) (Sverrir Thorstensen og Ævar Petersen 2013.) eða Hettumáfur (*Larus ridibundus*) (Sverrir Thorstensen & Ævar Petersen 2017) verpi á svæðinu.

Á valista eru: spói VU, stelkur VU, tjaldur VU, grágæs NT, jaðarakan NT, rjúpa NT og þúfutittlingur LC. Skammstafanirnar þýða: VU = Í nokkurri hættu, NT = í yfirvofandi hættu og LC = Tegundir metnar en ekki í hættu.

Heiðlóa, spói, jaðrakan og stelkur eru meðal ábyrgðartegunda Íslands.

Við framkvæmdirnar skaðast varpsvæði þessara fugla, en svæðið er lítið og ekki er gert ráð fyrir að framkvæmdirnar hafi áhrif á varp fugla fyrir utan svæðið.



Mynd 1. Framkvæmdasvæði Laxós.

Heimildir:

- Arnþór Garðarsson. 1956. Stormmáfur, nýr varpfugl á Íslandi. Náttúrufræðingurinn 26 (2) bls. 87-93.
- Guðmundur Valur Stefánsson. 2025. Laxós ehf.: Fiskeldi á landi við Hauganes, Eyjafirði. Tilkynning um framkvæmd til matsskylduákvörðunar Skipulagsstofnunar sbr. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og tl. 1.09 og 2.04 í 1. viðauka við lögin. Laxós.ehf.
- Helgi Hallgrímsson (ritstjóri), Þóroddur F. Þóroddsson, Þórir Haraldsson, Kristín Aðalsteinsdóttir og Halfdán Björnsson. 1982. Skýrsla um könnun á náttúrufari og minjum á vesturströnd Eyjafjarðar (Glæsibæjarhrepp (að hluta), Arnarneshrepp og Árskógshrepp). Unnið fyrir Náttúrugripasafnið á Akureyri.
- Sverrir Thorstensen og Jón Magnússon. 2000. Fuglalíf. Í Bragi Guðmundsson, ritstj. *Líf í Eyjafirði*, bls. 291–318. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.
- Sverrir Thorstensen og Ævar Petersen. 2013. Enn fjölga stormmáfum í Eyjafirði. Náttúrufræðingurinn 83 (3–4), bls. 159–166.
- Sverrir Thorstensen & Ævar Petersen. 2017. Hettumáfar í Eyjafirði: Er áralöng fækkun á enda? Náttúrufræðingurinn 87 (3–4), bls. 148–157.
- Sverrir Thorstensen & Ævar Petersen. 2018. Vöktun stormmáfa í Eyjafirði 2015. Náttúrufræðingurinn. 88 (3-4), bls. 158-166.
- Sunna Björk Ragnarsdóttir, Sverrir Thorstensen og Sigmar Metúsalemsson. 2021. Fuglalíf í óshólmum Eyjafjarðarár: könnun 2020 með samanburði við fyrri ár Unnið fyrir Akureyrarbæ, Eyjafjarðarsveit og ISAVIA. NÍ-21001 Akureyri.
- Þorsteinn Þorsteinsson og Sverrir Thorstensen. 2014. Fuglar í Hrísey á Eyjafirði. Talning sumarið 2014 með samanburði við talningar 1994 og 2004. Unnið fyrir umhverfisnefnd Akureyrar.
- Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen. 2005. Vöktun hettumáfs í Eyjafirði 1995-2000. Náttúrufræðingurinn 73 (1–2), bls. 39–46.
- Ævar Petersen, Sverrir Thorstensen og Eypór Ingi Jónsson. 2022. Fjöldi stormmáfa í Eyjafirði vorið 2020. Náttúrufræðingurinn 92 (3–4) bls. 143–159.